

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR nr. 3654/91/KSE**

frá 13. desember 1991

**um breytingu á ákvörðun nr. 25/67 um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi með hliðsjón af framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, einkum 3. mgr. 66. gr.,

með samþykki ráðsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með ákvörðun nr. 25/67 <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 2495/78/KSE <sup>(2)</sup>, veitti hið háa yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 66. gr., undanþágu frá þeirri skyldu að fá leyfi fyrirfram fyrir tiltekna flokka viðskipta sem með hliðsjón af stærð eigna eða hlutaðeigandi fyrirtækja og eðli samfylkingar uppfylltu skilyrði 2. mgr. 66. gr.

Reynslan hefur sýnt að þörf er á að aðlaga ákvörðun nr. 25/67 að þeim breytingum sem orðið hafa varðandi framleiðslumagn, fjárhagsskipulag og markaðs- og samkeppnisskilyrði, einkum að því er varðar magntakmarkanir.

Breytingar á skipulagi kola- og stáldreifingar í bandalaginu kallar á rýmri takmörk fyrir samfylkingar framleiðenda.

Vegna breytinga á markaðinum fyrir brotajárn er rétt að hækka mörkin fyrir sölu þess.

Bann það við undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi, sem kveðið er á um í 7. gr. ákvörðunar nr. 25/67, er ekki lengur í samræmi við þörf iðnaðarins. Einkum er um minni fyrirtæki að ræða í þeim tilvikum þegar samfylking felst í yfirtöku 50% af hlutafé fyrirtækis eða þegar samstarfsverkefni myndað.

Samfylkingar, sem eru myndaðar með því að koma á sameiginlegum yfirráðum, geta reynst erfiðar viðfangs, hvort sem verið er að mynda nýtt fyrirtæki eða setja starfandi fyrirtæki undir sameiginleg yfirráð, vegna þess að samfylkingar þessar geta haft það að markmiði að samræma samkeppnisaðgerðir viðkomandi fyrirtækja.

Rétt er að undanskilja sameiginlega stofnun nýs fyrirtækis eða myndun samstarfsverkefnis þeirri kröfu að fá leyfi

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 154, 14. 7. 1967, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 300, 27. 10. 1978, bls. 21.

fyrirfram ef útkoman hefur ekki teljandi áhrif á samkeppni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun nr. 25/67:

1. Í stað i-, j- og k-liðar 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

- „i) óunnið stál (venjulegt stál: 6 000 000 tonn hleifar, hálfunnar vörur og fljótandi stál)
- j) blendið og óblendið sérstál 1 000 000 tonn (hleifar, hálfunnar vörur og fljótandi stál)
- k) unnar, valsaðar stálvörur, þar 6 000 000 tonn.“  
með taldar fullunnar vörur

2. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu vera undanþegin kröfu um að fá leyfi fyrirfram ef þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar

a) fyrirtækja sem starfa við stálframleiðslu, og

b) fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið 80. gr. ef:

— ársframleiðsla fyrirtækjanna sem um getur í a-lið fer ekki meira en 20% fram úr því magni í tonnum sem tilgreint er fyrir vöruflokkana sem um getur í g- til k-lið 1. mgr. 1. gr., eða

— árleg notkun fyrirtækja sem eiga aðild að samfylkingunni á umræddum vörum fer ekki meira en 50% fram úr framleiðslu þeirra í þessum vöruflokkum, eða

— fyrirtæki sem um getur í b-lið nota ekki meira en 50 000 tonn af venjulegu stáli eða 5 000 tonn af sérstáli og markaðsaukningin hjá þeim fyrirtækjum sem um getur í a-lið nemur ekki meira en 100 000 tonnum af venjulegu stáli eða ekki meira en 10 000 tonnum af sérstáli á þriggja ára tímabili.“

## 3. Í stað a- og b-liðar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

- „a) árleg heildarsala dreifingarfyrtækja sem eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 5 000 000 tonnum kola; eða
- b) aukningin á árlegri heildarsölu sem af samfylkingunni leiðir nemur ekki meira en 200 000 tonnum kola. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu einungis vera undanþegin kröfunni um leyfi ef aukning á heildarsölu sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 600 000 tonnum.“

## 4. Í stað 1. og 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin kröfu um fyrirframleyfi þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu stáls en selja ekki til heimilisnotkunar eða handiðnaðar (hér eftir nefnd „dreifingarfyrtækja“) ef:

- a) heildarársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — allra dreifingarfyrtækja er eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 500 milljónum ECU; eða
- b) ársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — eins dreifingarfyrtækis sem á aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 100 milljónum ECU. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu aðeins undanþegin kröfu um leyfi ef aukning ársveltunnar sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 200 milljónum ECU.

2. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin kröfu um fyrirframleyfi þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu brotajárns ef:

- a) árleg heildarsala dreifingarfyrtækja sem eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 1 500 000 tonnum brotajárns; eða

- b) aukningin á árlegri heildarsölu eins dreifingarfyrtækis sem á aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 500 000 tonnum brotajárns. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu einungis vera undanþegin kröfunni að fá leyfi ef aukning á heildarsölu sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 1 000 000 tonnum brotajárns á þriggja ára tímabili.“

## 5. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Ákvæði 6. gr. gilda ekki um viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. og leiða, með sameiginlegri stofnun nýs fyrirtækis eða með sameiginlegum yfirráðum í starfandi fyrirtæki, til samfylkingar:

- a) annars vegar nokkurra fyrirtækja, þar sem að minnsta kosti eitt fellur undir gildissvið 80. gr., er hafa ekki myndað samfylkingu en ráða, að lögum eða í reynd, í sameiningu (sameiginleg yfirráð) yfir fyrirtækinu eða fyrirtækjunum í b-lið, og
- b) hins vegar eins eða fleiri fyrirtækja sem framleiða, dreifa eða vinna kol eða stál sem hráefni.

2. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki um viðskipti sem um getur í 1. mgr. ef heildarsala eða -velta þeirra fyrirtækja sem að samfylkingunni standa, í tonnum eða ECU, fer meira en 50% fram úr þeim mörkum sem sett eru í þeirri grein þar sem kveðið er á um umrædd viðskipti.

3. Grein þessi er þó með fyrirvara um hugsanlega beitingu 65. gr. þegar til samstarfsverkefna er stofnað á samvinnugrundvelli og um takmarkanir sem tengjast samfylkingunni ekki beint og nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Ákvörðun þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 1991.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Leon BRITTAN

*varaforseti.*